

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Upphaf kirkjunnar



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen


Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.





Eftir dauða Jesú, voru fylgjendur hans miður sín, og drógu sig í hlé.


Er Jesús birtist þeim eftir uppreisuna, vissu þeir að hann var lifandi! En - nú mundi hann fara aftur til himnaríkis, þar sem hann hafði alltaf átt heima hjá Guði, föður sínum.





Áður en
hann
fór,
lofaði
Jesús
að
senda

Heilagan Anda
þeim til huggunar
og hjálpar.





(Jóhannes
15:26).


Tíminn
var í
nánd!
Síðan
fór

Jesús heim
til himnaríkis, og

nokkrum dögum síðar kom Heilagur
Andi, eins og Jesús hafði lofað.



Svo skeði það, að um 120 af
fylgjendum Jesú, komu
saman til bænahalds
í húsi einu.



Skyndilega fylltist húsið af gný
af himnum eins og óveður
hefði skolið á.



Eldtungur kvísluðust og settust
á hvern þeirra.



Allir fylltust af heilögum anda, eins
og Jesús hafði sagt fyrir um.



Fylgjendur Jesú tóku nú að tala
tungum sem þeir höfðu aldrei lært.



Útlendingar á ferð í Jerúsalem
hlustuðu á lærisveinana segja frá
undursamlegum verkum Guðs
á mörgum tungumálum.



Þeir voru frá sér numdir af undrun.
"Hvað skyldi þetta tákna?" Og sumir
sögðu, "Fólkið er drukkið af
víni."



Þá sagði Pétur, "Þessir menn eru ekki drukknir ... hér er að rætast það sem Jóel spáði fyrir um."



Pétur síðan minnti þá á, að fyrir
löngu síðan, hafði Guð lofað
að senda Heilagan
Anda til að
blessa
fólkið,
og
hjálpa
því.



Þá sagði Pétur við fólkið, "Takið sinnaskiptum og látið skírast í nafni Jesú Krists, svo að þið öðlist fyrirgefningu syndanna og gjöf Heilags Anda."

3000



Um 3000 manns veittu orði
hans viðtöku, tóku skírnr,
og gerðust þátttakendur
í uppfræðslu
postulanna.

3000



Með tímanum bættust fleiri
og fleiri við kirkju Guðs,
sem byrjaði
með komu
Heilags
Anda.

3000



Kraftur Guðs var að verki
í lífum þeirra er trúðu á
hann. Dag nokkurn var
Péttri gengið upp í
helgidóminn til
síðdegisbæna.



Þar sat maður við
musterishliðið er hafði
verið fatlaður frá
fæðingu. Hann bað
þá gefa sér peninga.





Þá sagði Pétur, "Silfur og gull á ég ekki, en það sem ég hef, gef ég þér. Í nafni Jesú Krists frá Nasaret, stattu upp og gangtu heill."





Pétur tók í hægri hönd hans og reisti hann upp. Hann spratt upp, stóð í fæturna og gekk inn í musterið. Hann gekk um og stökk, og lofaði Guð.



Þeir sem urðu vitni að kraftaverkinu voru furðu lostnir. Pétur sagði það vera af krafti Guðs, en ekki hans eigin.




Pegar Pétur minnti gyðingana á að
Guð hafði reist Jesú upp frá dauðum,
reiddust yfirmenn
musterisins, lögðu
hendur á Pétur
og Jóhannes,
og settu þá
í varðhald.




En um 5000 manns tóku trú á Jesú.





Morguninn eftir, voru postularnir
leiddir fram fyrir öldungaráðið og
spurðir, "Með hvaða krafti,
eða í nafni hvers gerðuð
þið þetta?"



Fylltur af Heilögum Anda,
Pétur svaraði djarflega, ...



... "Í nafni Jesú Krists frá Nasaret,
sem þið krossfestuð, sem Guð reisti
frá dauðum, í nafni hans stendur
þessi maður nú heilbrigður
frammi fyrir ykkur."



Pétur hélt áfram óhræddur,

"Ekki er hjálpræðið
í neinum öðrum,
og ekkert annað
nafn er mönnum
gefið um víða
veröld sem
getur
frelsað
okkur."





Yfirmennirnir höfðu í
hótunum við Pétur
og Jóhannes og
skipuðu þeim.
"Héðan í frá
megið þið alls
ekki tala til
fólksins í
nafni Jesú."





Áður en
Heilagur
Andi kom,
var Pétur
hræddur að
viðurkenna
hollustu
sína við
Jesú, en
ekki lengur.



Pétur og Jóhannes svöruðu,




"Dæmið
sjálfir
hvort það
sé rétt í
augum
Guðs, að
hlýðnast
ykkur
fremur en
honum.






Við getum
ekki annað
en talað
það sem við
höfum séð
og heyrt."




Eftir að
ógna þeim
enn frekar,
slepptu
þeir Pétri
og Jóhannesi.
Þessir djörfu
þjónar Guðs, ...



... eftir
að segja
vinum sínum
frá, hófu
raust sína
til Guðs
í bæn og
þakkargjörð.



Að loknu
bænahaldi
fylltust allir
krafti hins
Heilaga
Anda og
dýrkuðu
Guð - og
kirkjan unga
fór vaxandi.



Upphaf kirkjunnar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Postulasöggunni 1-4

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

